

Svar við fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað vegna rekstur Gistiskýlis fyrir húsnæðislauslausa karla.

Á árinu 2015 samþykkti meirihlutinn í borgarstjórn að velferðarsvið tæki yfir rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislauslausa karla sem hafði verið í höndum góðgerðarsamtaka áður í stað þess að ganga að framkomnum tilboðum Hjálpræðishersins og Samhjálpur um reksturinn. Nú er óskað eftir að tekið verði saman rekstrarkostnaður sem fallið hefur á Reykjavíkurborg frá því að hún tók við rekstrinum, bæði með og án innri leigu. Óskað er eftir sundurliðun á rekstrarkostnaði, innri leigu, launakostnaði, aðföngum/rekstri og síðan annað ef haldið er utan um kostnaðarþættina í bókhaldskerfinu með þeim hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri gistiskýlisins fyrir húsnæðislauslausa karla þann 1. júní 2015. Samhjálp hafði þá verið með reksturinn frá árinu 2008 samkvæmt samning við velferðarsvið. Samþykkt var á fundi velferðaráðs þann 2. febrúar 2015 að rekstur Gistiskýlisins yrði falin velferðarsviði.

Kostnaður við rekstur Gistiskýlisins frá 1. júní 2015 til 31. desember 2017 var eftirfarandi:

Gistiskýlið, mkr	2015 júní – des.	2016	2017	Samtals
Tekjur		-15		-15
Laun og launatengd gjöld	46	86	110	242
Annar rekstrarkostnaður	11	15	16	42
Innri leiga	7	15	15	37
Alls	64	101	141	307

Heildarkostnaður við rekstur Gistiskýlisins var 307 mkr frá júní 2015 til desember 2017. Þar af var launakostnaður 242 mkr, annar rekstrarkostnaður 42 mkr og húsaleiga 37 mkr. Þá barst árið 2016 styrkur úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 15 mkr.

Árið 2017 var rekstur Gistiskýlisins sameinaður rekstri Smáhýsa og H121 (heimili fyrir fólk með vímuefnavanda). Rekstrarkostnaður Gistiskýlisins árið 2017 er því reiknuð stærð til þess að viðhalda samanburðarhæfni á milli ára, en miðað er við að rekstur Gistiskýlisins vegi 68% í sameinuðum rekstri þessara þriggja úrræða. Hækkun launakostnaðar á milli árunna 2016 og 2017 má rekja til aukinna veikinda m.a. vegna álags í tengslum við breytingar á hópi notenda.